

Dags eftirlits	1.9.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Vinnlustöðin hf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Hafnargötu 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700269-3299	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Unnar Hólm Ólafsson	ÍSAT nr.	15.20.7 Mjöl og lýsisv.
Fulltrúi fyrirtækis	Kristján Ingi Sigurðsson	Staðsetning	436194,528 327119,082

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert nýtt frávik kom fram í eftirliti en tvö eldri frávik voru opin þegar farið var í eftirlit. Hér með er staðfest að úrbótum vegna annars frávikstins er lokið og því er eitt frávik útafstandandi. Tvær ábendingar voru gerðar.

Eldra frávik #1. Ryk í útblæstri var umfram losunarmörk eldra starfsleyfis (miðað við 3% súrefni), ekki var búið að endurreikna að kröfum í nýju starfsleyfi. Í breyttu starfsleyfi frá 12. september 2019 er heimild til þess að miða útreikninga á rykmagni við 9% súrefnisinnihald útblásturs. Endurútreikningar á rykmagni í útblæstri bárust 7. október sl. og gefa ryk í útblæstri innan losunarmarka.

Eldra frávik #2. Útblásturshraði í skorsteini við ketil nr. 1 er undir 20 m/s. Í breyttu starfsleyfi frá 12. september 2019 er ákvæði um að losunarmörk eigi ekki við ef hlutfall notkunar olíubrennara er 3 % af keyrslutíma verksmiðjunnar eða minni. Rekstraraðili skráir notkun ketils nr. 1 og skilar gögnum um notkunartíma. Á meðan gögn hafa ekki borist þá er frávikíð áfram opið.

Rekstraraðili skal skila gögnum um olíu- og lýsisgeyma verksmiðjunnar og hvenær þeir voru síðast þykktarmældir. Eins skal skila gögnum yfir niðurgrafnar lýsis- og olíulagnir og hvenær síðasta þrýstiprófun þeirra fór fram. Þetta er í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Rekstraraðila er bent á að gera við gat á þró um lýsisgeyma sem gert var við breytingar á lögnum.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá Vinnlustöðinni h.f. í Vestmannaeyjum, Unnar Hólm Ólafsson og Kristján Ingi Sigurðsson voru fulltrúar rekstraraðila og Gottskálk Friðgeirsson eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar.

Vinnlustöðin h.f. er með starfsleyfi sem gefið var út af Umhverfisstofnun 17.9.2014, breytt 12. september 2019 og gildir það til 2030. Lóð verksmiðjunnar er á samþykktu deiliskipulagi hafnarsvæðisins.

Starfsleyfið heimilar framleiðslu á fiskimjöli og lýsi úr fiski, afskurði og aukaafurðum fiskvinnslu. Heimilt er að vinna úr 1200 tonnum af hráefni á sólarhring. Eins er heimil fiskflokkun og hrognataka og að nýta frákast frá þeirri vinnslu í framleiðsluna.

Dagskrá:

1. Síðustu eftirlitsskýrslur, staða ábendinga og frávik
 - a. álag á hreinsivirki í frárennsli
 - b. útblástursmál – breytingar í starfsleyfi
2. Kröfur í starfsleyfi um áætlanir, mælingar, skýrslur, tilkynningar og skráningar rekstraraðila
3. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu
4. Önnur mál, atvik, óhöpp og kvartanir
5. Mengunaráhöpp og tilkynningar /skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.

Frávik og ábendingar úr síðustu eftirlitsskýrslum

Árleg frárennismæling verksmiðjunnar var gerð dagana 14. og 15. október 2019 þegar unnin var norsk-íslensk síld. Á sýnatökutímanum fóru alls 484 tonn í gegnum verksmiðjuna. Niðurstöður mælinga gefa að fita, svifagnir og COD eru undir losunarmörkum sem sett eru í starfsleyfi. Rannsóknþjónustan í Vestmannaeyjum ehf. og Sýni ehf. sjá um mælingar.

Ryk í útblæstri verksmiðjunnar var að mælast yfir losunarmörkum þegar niðurstöður mælinga hafa verið umreiknaðar að 3 % súrefni. Í september 2019 var starfsleyfinu breytt þannig að nú er heimilt að miða við 9% súrefni í útblæstrinum. Við endurútreikning á ryki í útblæstri fellur ryk innan losunarmarka. Félagið notar nú DMA olíu á olíukatla sína og það er líka til lækkunar á ryki.

Útblásturshraði í skorsteinum beggja katla mældist í síðustu mælingu undir 20 m/s. Búið er að endurhanna og breyta skorsteini við ketil #3 og samkvæmt útreikningum nær hann nú kröfum starfsleyfisins, þ.e. 20 m/s.

Útblásturshraði í skorsteini við ketil nr. 1 mældist síðast 13,3 m/s. Ketill nr. 1 er alltaf minna og minna notaður enda orkuafhending fyrir rafskautaketil félagsins alltaf að verða betri. Rekstraraðili hyggst safna gögnum um litla notkun ketils nr. 1 og skila til Umhverfisstofnunar og þannig að sýna fram á undir að ketillinn geti verið undanþeginn losunarkröfum (ryk og útblásturshraði). Frávik vegna útblásturshraða í skorsteini við ketil nr. 1 er því enn opið.

Rekstraraðili vinnur að söfnun upplýsinga um olíu- og lýsisgeyma verksmiðjunnar og hvenær þeir voru síðast

þykktarmældir. Eins skal skila gögnum yfir niðurgrafnar lýsis- og olíulagnir og hvenær síðasta þrýstiprófun þeirra fór fram. Þetta er í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Kröfur í starfsleyfi

Farið var yfir kröfur starfsleyfisins. Áætlanir um frágang vegna stöðvunar reksturs, hreingerningaáætlun og viðbragðsáætlun liggja fyrir. TVN mælingar berast eftir hverja vertíð, mælingar í frárennsli berast árlega. Mælingar í útblæstri hafa farið fram svo og hljóðmæling (hávaði). Niðurstöður heildarúttektar á mengandi efnunum í frárennsli hefur borist. Árleg skil á grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi eru með ágætum. Ýmsar skráningar á rekstrarþáttum skulu gerðar. Skoðuð voru dæmi um skráningar og eru ekki gerðar athugasemdir við þær.

Botnþykktarmæla skal olíu- og lýsisgeyma á tíu ára fresti og þrýstiprófa olíu- og lýsisfylltar lagnir á fimm ára fresti. Olíugeymir (DMA olía) var þykktarmældur á síðasta ári (2018) og stóðst kröfur í reglugerð nr. 884/2017 um lágmarksþykkt. Búið er að þykktarmæla tvo af þremur lýsisgeymum félagsins. Lýsisgeymir nr. 3 verður þykktarmældur um leið og hann hefur verið tæmdur (mars 2021). Lýsislagnir frá verksmiðju að birgðageymum og lýsislagnir á bryggju hafa allar verið þrýstiprófaðar á síðustu fimm árum. Lagnirnar stóðust prófunina.

Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu

Við ákvörðun á tíðni eftirlits með starfsleyfi Vinnslustöðvarinnar var áhættumat unnið og fiskimjölverksmiðjan fékk einkunnina 17 sem þýðir B og er skal fá árlegt eftirlit. Frávik vegna ryks í útblæstri og útblásturshraða felldi matið nokkuð og eins væri með formlegri þjálfun starfsmanna og verklýsingum hægt að lækka einkunn sem fæst í áhættumatinu. Áhættumatið verður endurskoðað nú í haust og tekið tillit til þess sem gert hefur verið í að ná árangri í umhverfismálum.

Óhöpp og kvartanir

3. júlí 2019 fóru að berast kvartanir vegna grúts og lyktar/fnyks frá verksmiðjunni. Rekstraraðili viðurkenndi ábyrgð á málinu en að hluta voru rafmagnstruflanir ástæðan. Í yfirlýsingu frá Vinnslustöðinni segir: „Vinnslustöðin tekur öllum kvörtunum alvarlega og fer þetta í ferli hjá okkur. Munum við skoða hvað má betur fara til að lágmarka eins og hægt er óþægindi bæði á umhverfið og samfélagið hér í Vestmannaeyjum“.

Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.

Í 5. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi er fjallað um eftirlitsskyldu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda varðandi eldsneytisgeyma og flutning olíu. Í samræmi við þær skyldur er sameiginlegt áhersluverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlitssvæðanna að skrá neyslu-, húsa-, bryggju- og lausageyma í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Eyðublaðið; 2020 Gagnasöfnun fyrir olíugeyma var afhent í eftirliti og óskað eftir að lýsis- og olíugeymar sem rekstraraðili notar í starfsemi sinni yrðu skráðir.

Olíu- og lýsimannvirki verksmiðjunnar skulu uppfylla ákvæði í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Botnþykktarmæla þarf olíu- og lýsisgeyma á 10 ára fresti og þrýstiprófa niðurgrafnar olíu- og lýsislagnir á 5 ára fresti.

Farið var í skoðunarferð um verksmiðjuna.

Gengið var í gegnum versmiðjuna, mjölpökkun og mjölgeymslu og áfram niður fyrir verksmiðjuna og inn í þró um lýsisgeyma. Miklar framkvæmdir hafa staðið yfir í verksmiðjunni. Lokið er byggingu á mjólhúsi en enn eru ýmsar framkvæmdir í gangi. Tengigangur til samtengingar á pökkun og geymslu er ekki lokið.

Athugasemd var gerð við gat á þró sem á eftir að loka eftir breytingar á lýsislögnum.

ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila var bent á að skila inn gögnum um olíu- og lýsisgeyma og eins niðurgrafnar olíu- og lýsislagnir.
2. Rekstraraðila var bent á að láta gera við gat á lekavörn (þró) um lýsisgeyma félagsins.

ANNAÐ


Opið frávik frá fyrra ári snýr að útblásturshraða í skorsteini við ketil nr. 1.

Rekstraraðili hyggst skrá notkun ketilsins sem hlutfall af keyrslutíma verksmiðjunnar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.11.2020



Gottskálk Friðgeirsson